



# Starfsskýrsla

## Skógræktarfélags Garðabæjar

### 2019-2020



#### Útsýni frá áningastað í Smalaholti

Starfsskýrsla þessi nær til tímabilsins 1. sept. 2019 til 31. ágúst 2020

## Inngangur

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. nóvember 1988.

Félagið er félag allrar fjölskyldunnar, með um 348 félagsmenn.



Skógræktarsvæði félagsins eru: Smalaholt og Sandahlíð en þau liggja norðan og austan megin að friðlandi Vífilsstaðavatns svo og Tjarnholt og Hádegisholt sem eru upp af Urriðavatni í suður. Félagið var áður með ræktun í Leirdal við Lönguhlíð sem var tekinn undir þjóðlendur. Einnig er félagið að rækta jólatré í reit í Brynjudal í Hvalfirði. Þá hefur félagið yfir að ráða aðstöðu austast í landi Vífilsstaða fyrir plöntur og vinnuskúr fyrir verkfæri.

*Jólatrjárækt í Brynjudal*

Markmið félagsins er að vinna að uppbyggingu útivistarsvæða með framgangi skógræktar og trjáræktar í Garðabæ. Veita félagsmönnum fræðslu um skógrækt, trjárækt og gróðurvernd. Vinna að verndun skógarreita sem fyrir eru í bæjarlandinu og koma upp nýjum í samvinnu og samráði við bæjaryfirvöld og landeigendur.

## Stjórn félagsins

Stjórn Skógræktarfélagsins er skipuð eftirfarandi félögum frá aðalfundi mánudaginn 11. maí 2020.

- Krístrún Sigurðardóttir, formaður
- Sigurður Þórðarson, varaformaður
- Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari
- Barbara Stanzeit, gjaldkeri
- Einar Örn Jónsson, vefstjóri
- Sigurður Sigurkarlsson, meðstjórnandi
- Heimir Sigurðsson, meðstjórnandi (nýr í aðalstjórn, áður varamaður)

Varastjórn:

- Ásta Leifsdóttir
- Jón Ásgeir Jónsson
- Gils Peter Tompkins (nýr í stjórn)
- Kristján Sveinbjörnsson (nýr í stjórn)

Skoðunarmenn reikninga:

- Ólafur Nilsson aðalskoðunarmaður
- Snorri Magnússon varaskoðunarmaður

Eftirfarandi félagar hættu í stjórn félagsins

- Björn Már Ólafsson, meðstjórnandi
- Smári Guðmundsson í varastjórn

## Samstarfssamningur

Samstarfssamningur Skógræktarfélagsins við Garðabæ var endurnýjaður á aðalfundi félagsins 3. mars 2017 og gildir í sex ár til ársloka 2022.

Nauðsynlegt er að samningsupphæð fylgi verðlagi svo fjárveitingin rýrni ekki of hratt. Samningurinn gerir félaginu m.a. kleift að gera verktakasamninga við fagfólk til starfa á skógræktarsvæðum félagsins.

## Heimasíðan [www.skoggb.is](http://www.skoggb.is)

Heimasíða félagsins var nýlega endurnýjuð og var formlega opnuð á aðalfundi félagsins í apríl 2019.

Markmiðið með vefsíðu félagsins er virk upplýsingaveita fyrir félagsmenn og alla þá sem kunna að sækja hana heim. Þar eru birtar fréttir ásamt myndum auk annarra upplýsinga.

Á heimasíðu félagsins má nálgast áhugavert yfirlit fyrir sögu félagsins í 30 ár frá stofnun þess: <https://www.skoggb.is/felagid/agrip-af-sogu/>

Þar er einnig hægt að nálgast kort af skógræktarsvæðum í Smalaholti og Sandahlíð: <https://www.skoggb.is/wp-content/uploads/2019/01/Mynd.jpg>

## Félagsstarf

**Haustferð:** Tuttugu skógræktarfélagar tóku þátt í árlegri haustferð Skógræktarfélags Garðabæjar um Suðvesturland laugardaginn 14. september 2019 í frekar rýsjóttu veðri. Skoðaðir voru skógar á Mógilsá í Kollafirði þar sem Aðalsteinn Sigurgeirsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, tók á móti hópnum og Álfholtsskógur í Hvalfirði en þar tók Reynir Þorsteinsson, formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps, á móti hópnum. Báðir þessir skógar eru ákaflega fallegir og fjölbreyttir sem gaman er að heimsækja og njóta, svo ekki sé talað um að geta verið í logni þegar vindurinn blæs allt í kring. Einnig heimsótti hópurinn hjónin Hilmar

Ingólfsson og Hugrónu Jóhannesdóttur þar sem hann naut góðra veitinga og ræktun í sumarbústað þeirra hjóna.

Haustferðin var afskaplega ánægjuleg, fróðleg og nærandi þrátt fyrir að haustlægð væri með í för.



*Hluti þátttakenda í Álfholtsskógi í haustferð félagsins 2019*

**Myndasýning:** Skógræktarfélagið bauð upp á myndakvöld í Safnaðarheimilinu Kirkjuholli mánudaginn 25. nóvember 2019. Erla Bil Bjarnardóttir og Ragnhildur Freysteinsdóttir Skógræktarfélagi Garðabæjar fluttu ferðasögu í máli og myndum frá skógræktar- og menningarferð skógræktarféлага um ítölsku Alpna í Suður Tyról haustið 2019. Kaffiveitingar í boði Skógræktarfélagsins.

**Jólaskógur** var haldinn í Smalaholti á vegum Skógræktarfélags Garðabæjar laugardaginn 14. desember 2019. Fjölskyldur lögðu leið sína í skóginn til að velja sér jólatré og nutu útiveru í leiðinni, er þær röltu um skóginn í leit að hinu eina sanna jólatré. Boðið var upp á heitt kakó og piparkökur í skógarrjóðri við opinn eld. Mjög jólalegt og fallett var í Smalaholtinu og mikil ánægja og gleði skein úr hverju andlitum þrátt fyrir að svalt væri í veðri.



*Jólaskógur er orðinn fastur liður í starfsemi félagsins*

**Aðalfundi Skógræktarfélagssins** var frestað í mars 2020 vegna Covid 19 en var í staðinn haldinn 11. maí. Ekki var boðið upp á fræðsluerindi eins og venjan er. Öllum sóttvarnarreglum var fylgt á fundinum.

### Heiðursfélagi

Á aðalfundi Skógræktarfélagssins Garðabæjar 11. maí 2020 var Erla Bil Bjarnardóttir kosin heiðursfélagi en stjórn félagsins samþykkti á stjórnarfundum í febrúar að leggja tillöguna fyrir aðalfund.



Erla Bil Bjarnardóttir og Skógræktarfélag Garðabæjar hafa verið samofin í yfir 30 ár en hún var einn aðalhvatamaðurinn að stofnun félagsins.

Hún var kosin fyrsti formaður félagsins á stofnfundi þess 24. nóvember 1988 og starfaði sem slíkur í 31 ár eða allt þar til á aðalfundi í mars 2019 er hún lét af störfum.

Hún hefur unnið ötullega að framgangi félagsins og uppbygginu þess hvort heldur er varðar að útvega svæði til ræktunar fyrir félagið eða gróðursetningu á þeim.

Sem dæmi um öflugt starf undir hennar stjórn þá gerði félagið samning árið 1990 um Landgræðsluskóga, við stjórn Skógræktarfélagssins Íslands sem tryggði félaginu plöntur til gróðursetningar. Þann 10. maí 1990 hófst Landgræðsluskógaverkefnið með gróðursetningu í Smalaholti með þátttöku frú Vígðísar Finnbogadóttur forseta, þingmanna, bæjarfulltrúa og fjölda fólks. Átakið var mjög öflugt þetta sumar en þá voru settar niður um 70 þúsund trjáplöntur í Garðabæ, eða um tíu plöntur á hvern Garðabæing. Þetta verkefni lýsir vel stórhug og atorku Erlu Biljar.

Erla Bil hefur ekki aðeins haft forystu um að fá fyrir hönd félagsins lönd til gróðursetningar og skipuleggja gróðursetningu á þeim. Hún var einnig í farabroddi þegar svæðin í Smalaholti og Sandahlíð voru skipulögð sem var forsenda þess að hægt væri að leggja útivistarstíga og áningastaði á svæðunum öllum til heilla.



Hér hafa aðeins verið talin upp nokkur verkefni sem Erla Bil hefur verið hvatamaður að og unnið að fyrir hönd Skógræktarfélagssins Garðabæjar.

Erla Bil hefur svo sannarlega lagt sitt að mörkum í þágu skógræktar í Garðabæ svo og útivistar og þar með loftlagsmála í yfir þrjú áratungi.

**Vinnukvöld:** Tíu félagar úr Skógræktarfélagi Garðabæjar mættu í Smalaholtið þriðjudaginn 9. júní í góðu veðri til að vinna að ýmsum umbótum í skóginum kringum Trjásýnistíginn. Borinn var áburður á tré, slegin lúpína frá trjánum, tré snyrt og trjástubbar sagaðir. Einnig voru staurar með trjámerkingum málaðir.



### Skógardagur - Líf í lundi

Skógræktarfélag Garðabæjar stóð að skógardegi í Smalaholti laugardaginn 20. júní kl. 13-15. Boðið var upp á ratleik fyrir alla fjölskylduna um skógin. Um 20 manns tók þátt að þessu sinni.

### Yrkjugróðursetningar grunnskólanna

Skógræktarfélagið hefur haft umsjón með gróðursetningum grunnskólanema síðan Yrkjuverkefnið hófst árið 1990. Félagið hefur útvegað svæði til gróðursetninga, lánað verkfæri og ekki síst leiðbeint nemendum við gróðursetningu. Minnkandi landrými sem félagið hefur getað útvegað til gróðursetningar er áhyggjuefni, en svæði til Yrkjugróðursetninga þarf að vera lítt gróið svo litlu bakkaplönturnar sem er úthlutað nái að komast á legg en kafni ekki í lúpínu eða grasi.



Nemendur grunnskóla Garðabæjar hafa gróðursett í neðanskráð svæði undanfarin ár og hefur einn árgangur frá hverjum skóla tekið þátt í verkefninu hverju sinni að Sjálands- og Alþjóðaskólanum undanskildum þar sem allir nemendur skólans hafa tekið þátt á hverju ári. Árið 2021 verður breyting á því þar sem landssvæði eru að verða fullplöntuð og eitt að falla út vegna skipulagsbreytinga. Framvegis verður aðeins boðið upp á að einn árgangur frá hverjum skóla taki þátt í verkefninu á hverju ári meðan hægt er að bjóða upp á svæði til að gróðursetja í.

Hér kemur upptalning á þeim svæðum sem plantað hefur verið í undanfarin ár:

- Bæjargarður í Garðahrauni í umsjá Garðabæjar. Óvissa um hversu lengi er hægt að gróðursetja þar? Flata- og Hofsstaðaskóli hafa gróðursett í Bæjargarðinum.
- Sandahlíð, austast við Guðmundarlund, í umsjón Skógræktarfélags Garðabæjar. Takmarkað svæði eftir sem hægt er að gróðursetja í. Sjálands- og Alþjóðaskólinn hafa gróðursett þar frá upphafi.
- Bessastaðanes, um 0,6 hektarar í umsjá Forsetaembættisins. Álftanesskóli hefur gróðursett þar undanfarin ár.
- Hádegisholt við golfvöll Odds í Urriðaholti, Urriðaholtsskóli gróðursetti þar 2019 og 2020. Tilkynning barst frá Oddfellowum nú í september að landið verði líklega tekið undir golfvöll og því geta nemendur ekki gróðursett þar áfram.

Yrkjugróðursetningar hafa undanfarin ár verið ýmist að vori eða að hausti en engin gróðursetning var vorið 2020 vegn Covid en skólarnir tóku þátt í verkefninu í september 2020 að Alþjóðaskólanum undanskildum.



Skógræktarfélagið hefur aflað leyfa fyrir þessi svæði hvert um sig, en er yfirleitt ekki með formlega undirritaða samninga nema fyrir Sandahlíð.

Mikilvægt er að grunnskólanemendur í Garðabæ fái tækifæri til að gróðursetja trjáplöntur í framtíðinni eins og hingað til en það er ekki hægt nema hafa landssvæði til að gróðursetja í.

## Framkvæmdir á tímabili starfsskýrslunnar



**Lúpínusláttur** meðfram göngustígum og aðkeyrslum fór fram bæði í Sandahlíð og Smalaholti. Verktaki var ráðinn til að slá lúpínuna sem er mjög ágeng planta og leggst yfir stíga og vegi þegar líður á sumarið ef ekkert er að gert. Hér er um að ræða mjög brýnt verkefni til að tryggja aðgengi íbúa að skógunum sem eru mjög vinsæl útivistarsvæði.

**Kursslóðar:** Ummhverfishópar ungmenna í átaksverkefni á vegum Garðabæjar unnu að því í sumar að keyra kurl ofan í slóða sem útivistarfolk hefur mótað í umhverfið eftir brúninni efst í Sandahlíð. Við þessa framkvæmd varð til ný hringleið í skóginum sem er nú tæpir 2 km. Slóðinn var mikið notaður fyrir og þá sérstaklega af hundaeigendum og virðist sú notkun hafa aukist með betra aðgengi.



Kursslóði efst í Sandahlíð



Auk brúnastígar var keyrt kurl ofan í tæplega 300 m slóða neðar í Sandahlíð sem liggur um svokallað Aspargil, en þar liggur slóðinn í gegnum trjágöng með öspum. Þar varð einnig til stutt hringleið neðarlega í Sandahlíð.



**Skilti og Fúavörn:** Fúavörn borin á nestisborð og staura fyrir skilti svo og ný skilti sett upp.

## Samstarf skógræktarfélaganna

Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum stjórnar félagsins. Samráðsfundur um jólatrjárækt skógræktarfélaganna á suðvestur horni landsins fór fram í nóvember en aðrir samráðsfundir voru felldir niður vegna Covid s.s. fulltrúafundur og aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2020 sem átti að fara fram í Mosfellsbæ.

## Smalaholt í hættu - skipulag um nýtingu Vífilsstaðalands

Stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar hefur fylgst náið með þróun skipulagsmála varðandi Smalaholt þar sem nú er allt að 30 ára útivistarskógur með fjölbreyttu stígakerfi á um 53 hektörum. Mikil vinna hefur farið í að reyna að verja skóginn fyrir því að golfvöllur fari yfir hann og virðist það hafa borið takmarkaðan árangur.

Stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar sendi inn athugasemdir til skipulagsyfirvalda í Garðabæ við skipulagstillögum vegna Smalaholts í Vífilsstaðalandi bæði í janúar 2020 og nú í byrjun september. Í athugasemdunum kom fram mikil óánægja stjórnarinnar að golfvöllur sé skipulagður inn í skóginn í Smalaholti.

## Starfsáætlun 2020-2021

- Verja og vernda skógræktarsvæði félagsins.
- Snyrta og viðhalda skógum á umsjónarsvæðum félagsins.
- Sala jólatrjáa af svæðunum.
- Skógardagur – Líf í lundi.
- Umsjón og aðstoð við Yrkjugróðursetningu grunnskólabarna í Garðabæ.
- Hefting lúpínu og kerfils, sérstaklega frá stígum og í trjásýnreit.
- Viðhald stíga í Smalaholti og Sandahlíð.
- Gerð fræðsluskilta, merkingar trjátegunda og stíga o.fl.
- Gróðursetning og íbætur innan skógræktarsvæðanna.
- Gróðursetning og umhirða í jólatrjáareit í Brynjudal.
- Halda við, endurnýja og bæta við bekkjum og borðum á áningarstöðum.
- Leggja nýja útivistarslóða í Hádegisholti.
- Fræðsla til félagsmanna og annarra s.s. með haustferð, myndakvöldi og fræðsluerindi.
- Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög





*Allur skógur á myndinni og miklu meira fer undir golfvöll samkvæmt nýju skipulagi*

## Fjárhagsáætlun fyrir árin 2020-2021

Félagið stefnir á að ráða verktaka eða starfsmann sumarið 2021 til ýmissa verkefna. Haldið verði áfram með gerð gönguslóða og þeim viðhaldið á svæðunum.

Kostnaðaráætlun fyrir starfstyrk frá bæjarsjóði starfsárið 2019-2020:

Útivistarstígar – lúpínusláttur, viðhald, grisjun o.fl.	kr.	1.800.000
Rekstur á heimasíðu félagsins	kr.	308.000
Tilfallandi kostnaður vegna starfseminnar	kr.	<u>892.000</u>
<b>Samtals</b>	<b>kr.</b>	<b>3.000.000</b>

Samkvæmt samstarfssamningi Skógræktarfélagsins við Garðabæ ber stjórn félagsins að skila árlega starfskýrslu við gerð fjárhagsáætlunar, nú skilað 24. september 2020.

Garðabæ, 24. september 2020

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar,

*Kristrún Sigurðardóttir formaður*

*Sigurður Þórðarson varaformaður*